



# Framkvæmd Snorraverkefnanna á Íslandi 2023

Þann 11. júní tókum við á móti 15 ungmennum sem öll eru Norður-Ameríkubúar af íslenskum ættum. Þau dvöldu á Íslandi til 15. júlí, fyrstu tvær vikurnar í Reykjavík þar sem þau lögðu stund á ýmsa fræðslu um land og þjóð. Þau sátu íslensku námskeið og lærðu einfaldar setningar og grunnatriði íslenskrar tungu. Á milli kennslustunda könnuðu þau Höfuðborgarsvæðið, meðal annars söfnin og sundlaugarnar. Vikurnar 23. júní – 7. júlí dvöldu Snorrarnir heima hjá íslenskum ættingjum sínum vítt og breitt um landið. Þau sinntu margvíslegum sjálfbóðaliðastörfum og tóku þátt í daglegu íslensku lífi. Síðustu vikuna var farið í landkynningarferð um Ísland. Byrjað var á gullna hringnum og heimsókn í Kraumu. Fyrstu nóttina gisti hópurinn á Hótel Á í Hvítársíðu. Um kvöldið var borðað saman og haldin sögustund. Daginn eftir var ekið Snæfellsnesið og stoppað vítt og breitt, þá nóttina var gist í Stykkishólmi. Daginn eftir hélt hópurinn til Hvammstanga í gegnum Dalina. Á Hvammstanga var gist tvær nætur og hópurinn kannaði sveitina í kring áður en að þau héldu áfram á Hóla í Hjaltadal. Þar vörðu þau tveim nóttum og nýttu tímann í íslenskri náttúru og til að upplifa Akureyri. Hópurinn hélt aftur til Reykjavíkur þar sem að haldið var upp á ferðalok og útskrift með kynningum þátttakenda og lokakvöldverði. Hópurinn var mjög samheldinn og þéttur, þau héldu aftur vestur yfir haf kát og ánægð með ferðina.

Þátttakendur í Snorra plús verkefninu komu til Íslands 7. ágúst í tveggja vikna menningar- og landkynningarferð með áherslu á ættfræði. Fyrstu dagana fengu þau fyrirlestra um menningu og þjóð Íslands ásamt íslenskukennslu. Í framhaldinu héldu þau í 6 daga landkynningarferð, eins og með yngri hópin var byrjað á Gullna hringnum og komið við hjá Hjördísi í Úthlíð þar sem hópurinn fékk höfðinglegar móttökur, eins og alltaf í sveitinni. Fyrstu tvær næturnar var gist á Laugum í Sælingsdal í góðu yfirlæti Karls og Halldóru. Hópurinn verlaði handþrjónaðar íslenskar lopapeysur í handþrjónasambandinu Bolli á Búðardal og heimsótti Vínlandssetrið áður en að þau luku deginum á Vogar Country Lodge. Hópurinn hélt ferðinni áfram daginn eftir. Þau fóru í siglingu út í Grímsey á Steingrímsfirði og á leiðinni aftur í höfn gerðu fjórir hnúfubakar vart við sig. Hnúfubakarnir settu upp sýningu fyrir hópin, Georg skipstjóri var ekki að drífa sig heim frekar en aðrir í sveitinni góðu. Um kvöldið kom hópurinn seint heim í hús á Akureyri, þreytt en sæl. Fjórdi morguninn var nýttur til að upplifa miðbæ Akureyrar áður en hópurinn hélt til Grenivíkur. Seinasta heila dag landkynningarferðarinnar keyrði hópurinn Tröllaskagann með viðkomu á Siglufirði áður en ferðin hélt áfram á Vesturfarasetrið á Hofsósi. Þar tóku þau Valgeir, Guðrún og Jack á móti hópnunum og sýndu þeim setrið. Síðustu nótt landkynningarferðarinnar var varið á Sauðárkróki. Hópurinn hélt aftur til Reykjavíkur og þau fengu hlýjar móttökur í Alþingishúsinu þar sem að þau fengu kynningu á starfi Alþingis og leiðsögn um húsið. Hópurinn hélt upp á menningarnótt í Reykjavík með því að hlaupa eða ganga í Reykjavíkumaraþoninu og skemmta sér um kvöldið. Seinasta kvöldið á Íslandi var hópnunum boðið í móttöku hjá kanadíska sendiráðinu. Þann 21. ágúst kvaddi hópurinn verkefnastjóra með gjöfum og fallegum bréfum áður en að þau héldu aftur heim.